

myndir. Eg veit ykkur þykir gaman að fallegum myndum. Þið hafið líka gaman af því að láta taka af ykkur myndir. Og þegar þið látið taka af ykkur mynd, viljið þið vera í fallegu fótunum ykkar, og þá viljið þið vera hrein og vel greidd og falleg sjálf, svo að myndin af ykkur geti orðið falleg. Þið grettið ykkur þá ekki og skælið í framan. Ef þið gerðuð það, vissuð þið, að myndin af ykkur yrði ljót, og það viljið þið ekki. Þið viljið ekki láta taka af ykkur ljóta mynd. Þið viljið ekki eiga og ekki gefa öðrum ljóta mynd af ykkur.

Þið hafið sum líka gaman af að draga myndir og taka myndir af öðrum. En hefur ykkur þá dottið það í hug, að þið eruð alt af að láta taka af ykkur myndir, og alt af eruð þið að taka myndir af öðrum.

Viltu horfa svo litla stund inn í augað á honum litla bróður þínum, eða henni litlu systur þinni, barnið mitt? Koma nær og horfa stöðugt? Og hvað sérðu þá í augum hans, eða hennar? Sérðu ekki svo litla mynd af sjálfum þér? Jú, þú sér það. Augað er svo lítil myndavél, sem tekur mynd af öllu, sem það sér. Og þegar þú manst eftir að hafa séð eitthvað, geymir hugur þinn myndina, sem auga þitt tók af því, sem þú sást. Og augað er líka góð myndavél, sem tekur myndirnar alveg eins og hluturinn er, sem það sér; og hugurinn geymir myndina alveg eins og augað tekur hana, eins og myndaspjald.

Þegar þið eruð góð, — gerið það, sem er gott og guði þóknanlegt,—þá tekur augað, sem sér ykkur, fallega mynd af ykkur, og myndin af ykkur verður þá falleg eins fyrir það, þó þið þá séuð í hverndagsfótunum ykkar. En þegar þið eruð vond,—gerið það, sem guð vill ekki,—þá verður myndin, sem augað tekur af ykkur, ljót. Og það er sama, þó þið séuð í bestu fótunum ykkar. Þið vilduð ekki eiga aðra eins mynd af ykkur og ekki heldur gefa neinum hana.

En nú eruð þið alt af að taka myndir af öðrum. Og þið eruð alt af gefa öðrum myndir af ykkur.

Þið vitið sjálf, að það eru ekki alt af fallegar myndir. Og stundum finnið þið svo vel til þess, að þið farið í felur, svo að enginn sjái til ykkar, þegar þið ætlið að gera eitthvað, sem er ljótt. — Það gerir nú fullorðna fólkið líka. — Því þá vill enginn láta taka mynd af sér.

En guð tekur nú samt allar myndirnar af okkur, — fallegu myndirnar, þegar við erum honum hlýðin og gerum það, sem er gott, þó við séum í hverndagsfótunum, og ljótu myndirnar, andstyggilegu myndirnar af okkur, þegar við erum að gera það, sem er ljótt, það sem hann hefur bannað okkur, þó við